



Samstarfsverkefni orkufyrirtækjanna um að draga úr losun brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum

Fagfundur Samorku á Kirkjubæjarklaustri 23. maí 2013

Bjarni Már Júlíusson
Verkefnisstjóri H₂S



Hvað er málið?

- Brennisteinsvetni í brennidepli:
 - Aukinn útblástur vegna Hellisheiðarvirkjunar
 - Veldur lyktarmengun
 - Er hættulegt í háum styrk
 - Langtímaáhrif af lágum styrk ekki þekkt
 - Veldur tæringu á málum
 - Ströng viðmiðunarmörk í reglugerð
 - Neikvæð fjölmiðlaumfjöllun
 - Neikvæð ímynd



Hvað þarf að gera?

- Draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti
- Uppfylla ákvæði reglugerða
- Samræma verklag við brennisteinsvetnismælingar
- Ná sátt um rekstur sem skiptir máli fyrir heilnæm lífsskilyrði
- Þróa góða lausn til að draga úr losun og nýta jarðhitagösin
- **Hvernig?**



Hvernig?

- Finna aðferðir til að draga úr styrk
 - SulFix
 - Þekktar iðnaðarlausnir
 - Prokatín, CRI ofl
 - Þynning á útblæstri
- Ráðast í og styrkja rannsóknir
 - Dreifing H₂S í dreifbýli – veður og útskolu
 - Dreifing H₂S í þéttbýli - landslag
 - Áhrif á heilsu starfsmanna virkjana
 - Áhrif á heilsu íbúa í þéttbýli
- Samstarf og samtal
 - Orkufyrirtæki
 - Stjórnvöld
 - Almenningur
 - Fjölmíðlar

Fréttaskýring: Mengun sem verður að rannsaka

VISIR Innleitt | 22. maí 2011 14:00


[Facebook](#) [Recommend](#) 12 [Print](#) [Email](#) [RSS](#)



Hola blaðs á Hellisheiði. Í gutfunni er brennisteinsvetni í tóluverðu magni. Gerðar eru tilraunir á vegum OR til að skilja gas frá gutfu, blanda gasið fráfallsvatni og deila því niður í jörðina. Þessi lausn gæti reynst umhverfisvænn og ódýr kostur. Mynd/GV



Stjórnskipulag brennisteinsverkefna



Ráðgefandi aðilar

ISOR, VER, Hí, Vista, Mannvit, Vatnaskil, Kemía,
Veðurvaktin
Erlendir aðilar: Trimeric Corporation, IGA





Jarðhitagös

- Losun jarðhitagasa er óhjákvæmilegur fylgifiskur háhitanytingar
- Helstu gastegundir í jarðhitavökva CO_2 , H_2S , H_2 , N_2 , CH_4 , Ar
- Jarðhitagösunum fylgja óæskileg umhverfisáhrif
 - Gróðurhúsaáhrif
 - Tæring
 - Eitrunaráhrif
 - Eldfim gös
 - Lyktarmengun
- Styrkur gasanna ræðst af:
 - Hitastigi
 - Samsetningu jarðhitavökvans
 - Jarðfræðilegu umhverfi
- Nýleg reglugerð (514/2010) varðandi styrk H_2S í andrúmslofti, krefur orkufyrirtækin um að grípa til ráðstafana til að draga úr losun brennisteinsvetnis


CO₂ og H₂S útblástur frá Íslenskum jarðvarmavirkjunum

Orkufyrirtæki	Uppsett afl MWe	CO ₂ tonn/ári	H ₂ S tonn/ári	Samtals tonn/ári
HS Orka	175	78.930	1.880	80.816
Landsvirkjun	63	40.975	6.783	47.758
Orkuveita Reykjavíkur	423	57.474	26.474	83.949
Samtals	661	177.379	35.137	212.523


Fyrirhuguð viðbót – Aukning á losun CO₂ og H₂S gasa

Orkufyrirtæki	Uppsett afl MWe	CO ₂ tonn/ári	H ₂ S tonn/ári	Samtals tonn/ári
HS Orka	130	13.000	1.010	14.010
Landsvirkjun	135	22.670	9.845	32.515
Orkuveita Reykjavíkur	90	19.158	5.370	24.528
Samtals	355	54.828	16.225	71.053


Samanburður á H₂S mörkum í kvarða



Loftdreifilíkan frá Vatnaskil




Við Hellisheiðarvirkjun í A-átt er dreifingin “turbulent”



Af hverju niðurdæling á brennisteinsvetni?

Markmiðið með SulFix verkefninu er að þróa hagkvæmari og umhverfisvænni aðferð, við hreinsun brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum, en þekkist með hefðbundnum iðnaðarlausnum

Að skila brennisteinsvetninu aftur niður í jarðhitakerfið þaðan sem það kom, hlýtur að teljast góð aðferð til að draga úr styrk þess í andrúmslofti



Möguleg nýting á jarðhitagasinu


➤ Hugmyndir að hagnýtingu jarðhitagassins

- Prókatín: lífræn aðferð sem nýtir brennisteinsvetni og vetriskærar örverur til prótinframleiðslu
- Aðskilnaður gasa og nýting á koldíoxíð til ræktunar matvæla (CO_2 í gróðurhús)
- Carbon Recycling: efnafræðileg aðferð til framleiðslu metanóls
- Önnur möguleg eldsneytisframleiðsla, metan, DME, vetrni o.s.frv.
- Oxun, gufu- og brennisteinssýruframleiðsla



SulFix - skila H₂S til baka þaðan sem það kom

- Jarðhitagös losna (sjóða) úr jarðhitavökvanum í vinnsluholum
- H₂S frá eimsvala vélanna er leyst upp í þéttivatni í gasskiljustöðinni
- Uppleystu gasinu er dælt aftur niður í jarðhitageyminn með niðurdælingarvatninu
- Gasmettað vatnið leysir upp bergið og fær þannig nauðsynleg efni til að brennisteinsvetnið falli út sem súlfíðsteindir (t.d. glópagull) þar til jafnvægi er náð




Af hverju er talið að Súlfíx aðferðin virki?


- Uppleyst gös í vatni leita ekki upp til yfirborðsins vegna flotkrafts. Vatnsþrýstingurinn í niðurdælingar- og í jarðhitakerfinu tryggir að gösin haldist uppleyst og leiti ekki til yfirborðs
- Uppleysing gastegundanna fyrir niðurdælingu flýtir fyrir bindingu þeirra í steindir sem eru stöðugar í þúsundir ára
- Þessi aðferð nýtir og hraðar efnahvörfum sem eiga sér stað við náttúrulegar aðstæður í jarðhitakerfum. Umhverfisáhrif eru því ekki teljandi
- Hermireikningar HÍ og OR spá fyrir um að 95% gassins bindist í steindir innan fimm ára í jarðhitakerfinu
- Tilraunir á rannsóknarstofu sem líkja eftir aðstæðum við niðurdælingu hefjast í ár í þeim tilgangi að sannreyna bindinguna



SulFix Gasskiljustöð og niðurdæling



Gasskiljuhús, SulFix 2. áfangi




Bz: Dagn: Hær: VMC: Samgj. 1. áfangi:


Tark
TEKNISK ARKITEKTUR OG RÅDGJAFAR
SÍMI: 555 1000 FAX: 555 1001 E-MAIL: tark@tark.is
Harðar: Ásmundur S. Ólafsson Tel: 555 1000
Vinnslu: Tel: 555 1001 Fax: 555 1001
Geyslar:
Daga: 29.04.2013



SulFix annar áfangi, kerfismynd



SulFix þriðji áfangi, kerfismynd



Staðan og næstu skref

- Verkefnisáætlun fyrir SulFix var skilað til UST 22. febrúar 2013
- Jákvæð umsögn UST um frestun send UAR 27. febrúar 2013

Umhverfisstofnun leggst ekki gegn því að orðið verði við beiðni orkufyrirtækjanna um frestum á hertum ákvæðum reglugerðar nr. 514/2010 sem taka eiga gildi árið 2014. Umhverfisstofnun bendir þó á þann möguleika að í stað þess að heimild til að fara 5 sinnum á ári yfir mörkin verði framlengd óbreytt til 1.febrúar 2020 verði heimildin þrengd í þrepum t.d. árin 2016, 2018 og 2020. Það verði m.a. gert með hliðsjón af framlagðri verkefnisáætlun

- UAR hafnaði beiðni orkufyrirtækjanna um frestun 23. apríl 2013
 - *Ráðuneytið beinir því til stýrihópsins að halda áfram þróun Sulfix verkefnisins*
 - *Óski stýrihópurinn að taka málið upp aftur er honum bent á að senda ráðuneytinu beiðni þess efnis ekki síðar en 1. mars 2014 og rökstyðji beiðnina með skýrslu um framvindu verkefnisins.*
- Fyrsta áfanga SulFix lokið, jákvæð niðurstaða
- Hermun á leysni brennisteinsvetnis í niðurdælingarvatn lokið
- Hönnun gasskiljustöðvar lokið, stefnt að útboði í byrjun júní

Samantekt

- Losun jarðhitagasa er órjúfanlegur þáttur háhitanýtingar
- Árlega losa Íslenskar jarðvarmavirkjanir 177.000 tonn af CO₂ og 35.000 tonn af H₂S
- Ný reglugerð um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti krefur orkufyrirtækin um að grípa til ráðstafana til að draga úr losun brennisteinsvetnis. Þetta hefur leitt til samstarfs orkufyrirtækjanna við að finna „bestu lausnina“
- Stýrihópur orkufyrirtækjanna þróar hagkvæma og umhverfisvæna lausn til að draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti í samráði við umhverfisyfirvöld og aðra hagsmunaaðila
- Áætlað að þróa SulFix verkefnið frá tilraun til iðnaðarskala á næsta ári og byrja þá að dæla niður 15 – 30% af brennisteinsvetnisgasinu frá Hellisheiðarvirkjun, uppleystu í niðurdælingarvatninu. Áætlað að auka gasniðurdælinguna í þrepun þar til fullnaðar árangri verður náð 2020
- Að skila brennisteinsvetninu aftur niður í jarðhitakerfið þaðan sem það kom, hlýtur að teljast góð aðferð til að draga úr styrk þess í andrúmsloftinu



Takk fyrir

Framtíðarsýn:

Orkufyrirtækin draga úr
losun brennisteinsvetnis,
leggja áherslu á
rannsóknir og þróun í
þeim tilgangi í
góðu samstarfi við
hagsmunaaðila

